

**HEILBRIGÐISNEFND
HAFNARFJARÐAR- OG KÓPAVOGSSVÆÐIS
142. fundur – 10. september 2009**

Fundargerð

Fundur var haldinn í heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, fimmtudaginn 10. september 2009, og hófst hann kl. 13:30 í Straumsvík, Hafnarfirði. Mættir voru undirritaðir nefndarmenn auk Páls Stefánssonar, heilbrigðisfulltrúa og Guðmundar H. Einarssonar, framkvæmdastjóra, sem ritaði fundargerð. Sigurgeir Ólafsson og Gestur Pétursson boðuðu forföll.

Á dagskrá var heimsókn í álverið:

1 Samfélagsábyrgð – samræður um sameiginleg hagsmunamál

Frá álverinu komu til fundarins Rannveig Rist, forstjóri, Ólafur Teitur Guðnason, framkvæmdastjóri og Guðrún Þóra Magnúsdóttir leiðtogi sjálfbærni hjá fyrirtækinu.

Lagt fram að nýju erindi Alcan á Íslandi hf. frá 25. maí 2009 um “Samfélagsábyrgð – samræður um sameiginleg hagsmunamál.”

Farið var yfir efni erindisins og reglubundin samskipti við heilbrigðisnefnd og helstu þættir í starfsemi fyrirtækisins kynntir.

2 Skoðunarferð um steypuskála og kerskála

Ólafur Teitur Guðnason og Guðrún Þóra Magnúsdóttir sýndu og kynntu starfsemi í steypuskála og kerskála.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:30

Júlíus Kr. Björnsson

Steingrímur Steingrímsson

Birna Ólafsdóttir

Jón Bjarni Þorsteinsson

Halla Halldórsdóttir